

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 29. janúar 2024
Mnr. 2021080017



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Niðurfelling dómsmáls

Á fundi bæjarráðs nr. 1237 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs dags. 30. mars þar sem fjallað var um ágreiningsmál um lóðamörk við Hafnarbakka 5, á Flateyri.

Bæjarráð fól bærarstjóra að ljúka málinu með sátt á milli aðila m.v. fyrirbyggjandi gögn frá lögmannsstofunni Juris, og snýr að eftirfarandi töluliðum

- 1) Lóðarréttindi vegna Hafnarbakka 5 – þinglýst skjal nr. A-1457-2020 verði afmáð úr þinglýsingarbókum
- 2) Skráning fasteignarinnar með fasteignanúmerið F216407 verði leiðrétt í þinglýsingarbókum, í samræmi við raunverulegt staðfang.
- 3) Hlutfallsleg lóðarréttindi lóðarinnar við Oddaveg 3, L141095 skuli vera tryggð í samráði við núverandi lóðarhafa, með nýjum lóðarleigusamning.
- 4) Gerður verður samningur um leigu lóðarinnar Hafnarbakka 5, L141100, við Arctic Odda ehf. sem leigutaka. vegna fasteignanna með fastanúmerin F2126408, F2126400 og F2126399. Miða skal við að samningurinn verði efnislega samhljóða þeim samning sem fjallað er um í a. lið hér að framan.

Búið er að leiðrétta skráningar í fasteignaskrá og þinglýsa nýjum lóðaleigusamningum fyrir Oddaveg 3 og Hafnarbakka 5. Það er því búið að uppfylla öll skilyrði samkomulagsins. Það stendur því ekkert eftir nema að fella niður dómsmálið.

Lagt er til við bæjarráð að heimila niðurfellingu dómsmáls og greiða ÍS-47, 1. m.kr.- vegna málskostnaðar sem var hluti af samkomulagi.